

SKÓLAR OG MENNTUN Í FREMSTU RÖÐ



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU



Samantekt

Skólar og menntun í fremstu röð

Tilgangur verkefna í þessum flokki var að skilgreina og nýta möguleg sóknarfæri til að efla og samþætta skólastarf á öllum skólastigum með það að markmiði að skólastarf á höfuðborgarsvæðinu sé til fyrirmyndar.

Verkefnin voru eftirtalin:

1. Gæði skólastarfs í alþjóðlegum samanburði
2. Samvinna skólastiga frá leikskóla til háskóla
3. Höfuðborgarsvæðið sem háskólaborg
4. Símenntun á vinnumarkaði
5. Menntun í menningargeiranum

Verkefnastjórn skipuðu eftirtaldir einstaklingar:

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar, formaður.

Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri Seltjarnarness.

Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir, skólameistari Fjölbrautaskólans í Breiðholti.

Ragnar Þorsteinsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Anna Kristín Sigurðardóttir, frá menntavísindasviði Háskóla Íslands.

Björn Þráinn Þórðarson, framkvæmdastjóri fræðslu- og menningarsviðs Mosfellsbæjar.

Verkefnastjóri var Skúli Helgason stjórn málafræðingur.



Verkefnastjórn hélt alls 35 fundi á tímabilinu maí 2013 til maí 2014 auk funda með hagsmuna- og fagaðilum í málaflokknum, þar á meðal Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Kennarasambandi Íslands, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Háskóla Íslands, Háskólanum í Reykjavík, Námsmatsstofnun, Hagstofu Íslands, skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar, Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, Rannsóknamiðstöð skapandi greina, Rannsóknnum og greiningu, Mími - símenntun, og Skólapúlsinum auk einstakra fræðimanna á sviði skólamála. Verkefnastjórn efndi til þriggja rýni- og stefnumótunarfunda á starfstímanum. Fjölmennur fundur var haldinn í Kópavogi með ríflega 90 fagaðilum þann 10. október 2013 þar sem rætt var um styrkleika, veikleika, áskoranir og tækifæri skólastarfs á höfuðborgarsvæðinu. Jafnframt lögðu fundarmenn fram ábendingar og tillögur sem verkefnastjórn nýtti og hafði til hliðsjónar í framhaldinu. Á fundinum voru fulltrúar kennara, skólastjórnenda og nemenda á öllum skólastigum, aðilar vinnumarkaðarins, fulltrúar stoðþjónustu, auk kjörinna fulltrúa og embættismanna sveitarstjórna á höfuðborgarsvæðinu.

Stefnumótunarfundur um þjónustu sveitarfélaganna við háskólastarfsemi og uppbyggingu í Vatnsmýri var haldinn 26. febrúar 2014 í Hörpu og var þar um að ræða samstarfsverkefni milli verkefnaflokkanna: *Skólar og menntun í fremstu röð og Vaxtarsamningur höfuðborgarsvæðisins*. Á fundinn mættu á sjötta tug fagaðila, þar á meðal fulltrúar námsmannahreyfinga í framhaldsskólum og háskólum á höfuðborgarsvæðinu, forsvarsmenn háskólanna, fulltrúar sveitarfélaga og þjónustuaðila við ungt fólk og námsmenn, s.s. Strætó bs. og Félagsstofnun stúdenta.

Loks hélt verkefnastjórnin rýnifund með fagaðilum um símenntun á vinnumarkaði á höfuðborgarsvæðinu þann 28. febrúar í Kópavogi til að kortleggja stöðu framhaldsfræðslugeirans og skilgreina aðgerðir sem sveitarfélögin gætu tekið þátt í. Verkefni fundarins voru annars vegar SVÓT greining þar sem dregin voru fram helstu atriði sem einkenna málaflokk símenntunar á höfuðborgarsvæðinu og hins vegar komu fundarmenn með

Verkefnastjórnin leitaði til nokkurra aðila sem tóku að sér að greina tiltekna verkþætti innan verkefnaflokksins. Vísar rannsóknir unnu ítarlega greiningu á gæðum grunnskólastarfs í alþjóðlegum samanburði, Rannsóknir og greining tóku saman skýrslu um gæði grunnskóla- og framhaldsskólastarfs með vísan til viðhorfskannana fyrirtækisins og samanburðarkannana Norðurlanda, Háskólinn í Reykjavík í samstarfi við Rannsóknir og greiningu vann skýrslu um fýsileika þess að færa umsjón og rekstur framhaldsskóla frá ríki til sveitarfélaga. Rannsóknamiðstöð skipandi greina vann skýrslu um fýsileika þess að setja á fót listmenntaskóla á framhaldsskólastigi og loks vann Eyjólfur Sigurðsson hagfræðingur greiningu á þjóðfélagslegum kostnaði við brotthvarf nemenda úr framhaldsskólum á Íslandi. Þá vann Hagstofa Íslands ýmis tölfræðileg gögn um brotthvarf, listnemendur á framhaldsskólastigi, leigumarkað, fjárveitingar til skólamála o.fl.

Leiðarljós verkefnastjórnar var annars vegar að afla gagna um hvað einkenni menntakerfi sem teljast skara fram úr í heiminum og hins vegar að varpa upp mynd af íslenskum veruleika í skólastarfi á höfuðborgarsvæðinu á öllum skólastigum. Þá er litið til þeirra tækifæra sem búa í höfuðborgarsvæðinu sem heild og jafnframt hvaða tækifæri sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu geta nýtt sér með sameiginlegu átaki til að efla menntun og skólastarf á svæðinu. Á höfuðborgarsvæðinu er að finna allar gerðir skóla, frá leikskóla til háskóla og fjölbreytilegs framhaldsnáms, og hér er að finna fjölskrúðuga flóru skóla og skólagerða.

Verkefnastjórnin lagði fram áætlun á grundvelli þessarar fræðilegu úttektar um verkefni sem að mati stjórnarinnar gætu fært skóla og menntakerfi á höfuðborgarsvæðinu í fremstu röð. Það er meðal annars gert með þeirri framtíðarsýn að gera menntamál að sameiginlegu forgangsverkefni sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu fram til ársins 2020.

Verkefnastjórnin fékk það verkefni frá framtíðarhóp SSH að leggja fram aðgerðaráætlun með fimm verkefnum sem þjónað gætu því markmiði að skipa skólum og menntakerfi á höfuðborgarsvæðinu í fremstu röð.

Hér á eftir fylgir stutt samantekt með meginatriðum úr hverju þessara fimm verkefna, auk samsvarandi aðgerðaáætlana. Í kjölfar þeirra eru lögð fram leiðarljós og aðferðafræði um mikilvægi heildrænnar nálgunar við þróun menntakerfa. Anna Kristín Sigurðardóttir lektor við menntavísindasvið Háskóla Íslands vann samantektina um heildræna nálgun en hún átti sæti í verkefnastjórninni. Hér er um að ræða aðferðafræði sem gæti reynst hagnýt við útfærslu og fellur vel að þeirri nálgun sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu að takast á við það verkefni heildstætt að þróa skóla höfuðborgarsvæðisins í fremstu röð sem og að gera menntamál að sameiginlegu forgangsmáli fram til ársins 2020.

Verkefnastjórnin leggur fram tillögu að tímasettri áætlun um undirbúning og framkvæmd aðgerðaáætlunar og er tímaáætlunin nánar útlístuð í viðauka 2. Áréttá skal að endanleg ákvörðun um framkvæmd og tímasetningu aðgerða mun liggja annars vegar hjá einstökum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu og hins vegar á sameiginlegum vettvangi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.





Gæði skólastarfs hafa ekki einungis áhrif á framtíðarhorfur einstaklinga varðandi nám og vinnu, heldur jafnframt á sköpunarkraft og hagþróun samfélagsins alls. Útgjöld til menntamála hér á landi eru há í alþjóðlegum samanburði sem hlutfall af vergri landsframleiðslu (VLF). Árið 2010 var hlutfallið hæst í Danmörku innan OECD og Ísland kom þar næst á eftir.¹ Ísland sker sig úr hvað varðar hlutfallslega skiptingu fjármuna til einstakra skólastiga - hvergi innan OECD finnst önnur dæmi þess að framlög á hvern nema í grunnskólum séu hærri en framlög til nema í framhaldsskólum og háskólum. Hafa ber í huga að í framhaldsskóla- og háskólanámi eru margir nemendur sem eru ekki í fullu námi og það skekkir samanburðinn við hin skólastigin.

Fremstu menntakerfi heims eiga það sammerkt að hafa einbeitt sér í fyrstu að því að bæta námsárangur með miðlægum aðgerðum til að minnka getumun á milli nemenda og skóla. Þegar nokkrum árangri er náð færast áherslan á að auka gæði kennsluhátta og fagmennsku en treysta fagfólki í skólum til að útfæra aðgerðirnar á vettvangi. Rannsóknir sýna að þrennt virðist einkum einkenna skólakerfi í fremstu röð. Í fyrsta lagi er stuðlað að því að hæft fólk veljist í störf kennara. Í öðru lagi er gætt að markvissri starfsþróun kennara með það fyrir augum að auka og viðhalda faglegru hæfni þeirra. Í þriðja lagi er lögð rík áhersla á að öllum nemendum sé tryggður aðgangur að fyrsta flokks kennslu.² Gæði menntakerfis ráðast að verulegu leyti af gæðum kennslunnar og kennsluhátta í skólum.

Samanburðarrannsóknir benda til þess að það sé bein kennsla og nám með gagnkvæmri viðgjöf kennara og nemenda sem hefur jákvæðust áhrif á námsárangur. Bestur árangur næst þegar kennarar leggja sig fram um að ígrunda, meta eða mæla eigin kennsluhætti í leit að bættum aðferðum og nemendur fá sjálfir að hafa áhrif á eigin námsleiðir og viðfangsefni.³

¹ OECD (2013).

² McKinsey & Company (2007).

³ John Hattie (2009)

Í þeim löndum sem þykja skara fram úr í menntamálum er kennsla eftirsóknarvert starf. Kennarar eru virtir í samfélaginu og þeim er umbunað fyrir vel unnin störf. Nokkrar leiðir eru nefndar til að gera kennarastarfið eftirsóknarverðara og tengjast þær innbyrðis. Í fyrsta lagi að þróa markvissa ferla til að velja og þjálfa kennaranema; í öðru lagi að borga kennurum góð byrjunarlaun sem ýtir undir að hæfari nemendur velji kennaranám og í þriðja lagi að gæta vel að virðingu kennarastéttarinnar.⁴

Vandi íslenska skólakerfisins birtist ekki síst í því að laun kennara eru hlutfallslega lág í alþjóðlegum samanburði og skortur er á umsækjendum um kennaranám. Hvort tveggja vinnur gegn þeim markmiðum sem hér hafa verið nefnd um forsendur kennslu í fremstu röð. Þá er áhyggjuefni að meðalaldur kennara á höfuðborgarsvæðinu er áberandi hár í alþjóðlegum samanburði og skortur á ungum kennurum á höfuðborgarsvæðinu er líklegur til að skapa vandamál varðandi mönnun á næstu áratugum.

Niðurstöður PISA kannana á námsárangri 10. bekkjar nema á höfuðborgarsvæðinu sýna tiltölulega litlar breytingar á svæðinu öllu undanfarinn áratug hvað varðar lesskilning en nokkrar innbyrðis sveiflur á milli sveitarfélaga. Í nýjustu PISA könnuninni frá 2012 kemur fram að árangur nemenda í Reykjavík, Hafnarfirði, Garðabæ og Seltjarnarnesi er nokkru lakari nú en 2009 en staðan hefur batnað í Kópavogi og Mosfellsbæ sem er eina sveitarfélagið sem sýnir stöðugar framfarir frá árinu 2006. Garðabær sker sig úr fyrir að vera eina sveitarfélagið á svæðinu þar sem árangur nemenda í lesskilningi hefur verið yfir meðaltali Norðurlandanna frá árinu 2009.

Læsi á stærðfræði er almennt betra á höfuðborgarsvæðinu en á svæðum af sambærilegri stærð á Norðurlöndunum ef Hafnarfjörður er undanskilinn en tiltölulega litlar sveiflur eru á árangri almennt frá árinu 2003. Sömu sögu má segja af náttúrufræðilæsi en þar er árangurinn hins vegar almennt undir meðaltali Norðurlandanna ef Garðabær er undanskilinn.⁵

⁴ McKinsey & Company (2007).

⁵ Almar Halldórsson og Kristján K. Stefánsson (2013).

Samanburður á viðhorfum foreldra til gæða leikskólaþjónustu leiðir í ljós að ánægja foreldra með þjónustuna er meiri í Reykjavík og Kópavogi (90-92%) en í norrænu borgunum Osló, Stokkhólmi og Árósum (77-87%). Það er eitt sérkenni íslenska skólakerfisins að hér á landi sækja nær öll börn leikskóla, sem gefur möguleika á að efla þroskapætti sem styrkja hæfni allra barna til náms og beita snemmtækri íhlutun til að styrkja námsstöðu barna sem greinast með námsörðugleika. Nýlegar rannsóknir gefa hins vegar til kynna að upplýsingar um niðurstöður greininga á hljóðkerfisvitund leikskólabarna og íhlutanir skili sér illa til grunnskóla og foreldra eða misbrestur sé á því að þær séu nýttar við skipulag lestrarkennslu í grunnskólum fyrir viðkomandi nemendur.⁶



Samanburður á viðhorfum kennara á unglingastigi í 23 löndum árið 2008 leiddi í ljós að mun minna er um nemendamiðaða kennslu á Íslandi og verkefnavinnu sem kallar á virka þátttöku nemenda en í samanburðarlöndunum. Minna er um verkefnavinnu nemenda í fámennum hópum og að nemendur vinni verkefni sem henta getustigi hvers og eins.⁷ Grunnskólanemendur á unglingastigi hafa meiri trú á eigin getu í stærðfræði en jafnaldrar þeirra á Norðurlöndunum, viðhorf þeirra til stærðfræðináms er jákvæðara og námstækni í greininni áberandi betri. Námstækni í vinnu með texta í móðurmálsnámi er hins vegar áberandi verri og mun minni þjálfun er í lestri á unglingastigi á höfuðborgarsvæðinu en á Norðurlöndunum.

Skólabragur er almennt jákvæðari á höfuðborgarsvæðinu en í sambærilegum sveitarfélögum á Norðurlöndunum, persónulegt gildi námsárangurs meira, samsömun við nemendahópinn einnig og samband við kennara betra. Almennt fær námsumhverfi nemenda á höfuðborgarsvæðinu hæstu einkunn og er til fyrirmyndar í samanburði við hin Norðurlöndin og OECD ríkin almennt. Vísbendingar eru um meiri gæði félagslegs umhverfis í íslenskum skólum en í samanburðarríkjunum. Það kemur m.a. fram í því að íslensk ungmennt telja sig almennt hamingjusamari en jafnaldrar þeirra erlendis, einelti er áberandi minna hér á landi og lægri tíðni slagsmála. Þá er

⁶ Guðrún Þórunn Jónsdóttir og Jóhanna T. Einarisdóttir (2013).

⁷ Almar Halldórsson og Kristján K. Stefánsson (2013).

tóbaks-, áfengis- og kannabisneysla mun minni hér á landi.⁸ Þetta eru jákvæðar vísbendingar sem benda til þess að íslenskum skólum hafi tekist að ná þeim markmiðum íslenskrar skólalöggjafar undanfarna áratugi sem snúast um að efla alhliða þroska nemenda.

Framhaldsskólanemar á Íslandi koma almennt vel út í norrænum samanburði, þeir hafa jákvæð viðhorf til námsins og samstarfs við kennara og líðan þeirra er almennt góð. Hins vegar vekur athygli hve hátt hlutfall þeirra telur að skortur á lestrarkunnáttu hái þeim í námi. Þannig telja 23% framhaldsskólanema á Íslandi að lítill lestrarhraði hafi neikvæð áhrif á frammistöðu þeirra borið saman við 9% jafnaldra á Norðurlöndunum og tvöfalt fleiri nemendur hér á landi telja að lesblinda og athyglisbrestur hái þeim í námi. Námsleiði eða neikvæð viðhorf varðandi tilgang námsins eru fátíðari meðal íslenskra framhaldsskólanema og væntingar þeirra um áframhaldandi nám eru meiri.⁹

Almennt má segja að margt er vel gert í skólamálum á höfuðborgarsvæðinu og námsárangur er að jafnaði betri þar en á landsbyggðinni. Hins vegar sýnir alþjóðlegur samanburður að stjórnvöld á Íslandi þurfa að setja markið hærra og grípa til aðgerða til að bæta árangur nemenda í undirstöðugreinum á borð við lestri, stærðfræði og náttúrufræði. Slíkar aðgerðir þarf að útfæra í nánu samráði við fagfólk í skólum, samhliða úrbótum á starfsumhverfi kennara, skólastjórnaðar og annars fagfólks skóla.¹⁰

⁸ Niðurstöður úr HBSC könnun Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar 2009-2010 meðal 200.000 grunnskólabarna í 40 löndum.

⁹ Rannsóknir og greining, Háskólinn í Reykjavík (2013).

¹⁰ Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (2014a)

Gæði skólastarfs í alþjóðlegum samanburði

Framtíðarsýn:



Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu sammælast um að gera menntamál að sameiginlegu forgangsverkefni sínu til ársins 2020. Ráðstöfun fjármagns, stefnumörkun og aðgerðir taka mið af þeirri forgangsröðun. Meginmarkmið er að höfuðborgarsvæðið skipi sér í hóp þeirra svæða á Norðurlöndum sem ná bestum árangri í skólastarfi.

Tillaga að aðgerðaáætlun:



1. Aukið samstarf í menntamálum

1.1. Sameiginlegar áherslur höfuðborgarsvæðisins í skólumálum

Mótaðar verði sameiginlegar áherslur höfuðborgarsvæðisins í skólumálum á vettvangi SSH, með það að markmiði að auka þjónustu við nemendur, bæta árangur og líðan nemenda og auka gæði skólastarfs, efla samstarf foreldra og skóla og gera kennslu að eftirsóknarverðum starfsvettvangi, með áherslu á fagmennsku, virðingu og góð starfskjör.

Tillaga að tímaáætlun: 2014-2020

1.2. Skólamálanefnd og skólamálafulltrúi SSH

Stofnuð verði skólamálanefnd Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og skipaður skólamálafulltrúi SSH til að hafa yfirumsjón með framkvæmd þeirra aðgerða sem hér eru boðaðar og sameiginlegum áherslum SSH í skólumálum á komandi árum (sbr 1.1). Skólamálafulltrúi sjái meðal annars um að fylgja eftir aðgerðaáætlun SSH í menntamálum, þar með talið að meta reglulega árangur, í samráði við fræðslustjóra og formenn skólanefnda hjá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu.

Skólamálafulltrúi SSH verði jafnframt tengiliður SSH við skólamálanefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga, háskólasamfélagið, mennta- og menningarmálaráðuneyti, aðila vinnumarkaðarins og samtök kennara, skólastjórnenda, foreldra og nemenda .

Tillaga að tímaáætlun: 2014-2015

1.3 Aukið vægi foreldrastarfs í skólum

Skólamálanefnd SSH setji á fót þróunarverkefni um meira samstarf skóla og foreldra með það að markmiði að auka vægi og virkni foreldra í skólastarfi, leita leiða til að draga úr kostnaði foreldra við skóla- og frístundastarf barna sinna og tryggja aukið samráð borgar- og bæjaryfirvalda við foreldra í málefnum sem varða stefnumótun og framkvæmd skólamála á höfuðborgarsvæðinu.

Tillaga að tímaáætlun: 2015-2020



2. Læsi og lesskilningur

2.1. Stórbættur árangur í lestri

Eitt meginmarkmið SSH í skólámálum verði að allur þorri nemenda á höfuðborgarsvæðinu geti lesið sér til gagns fyrir lok 3. bekkjar. Litið verði á læsi sem ferli allt frá máltöku til ritlistar á háskólastigi. Því mun SSH í samvinnu við önnur stjórnvöld setja markmið um árangur í lestri og læsi fyrir allan aldur, frá leikskóla, öll stig grunnskólans og framhaldsskóla.

2.2. Þróunarverkefni um eflingu læsi og lesskilnings

Lagt er til að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu móti og framkvæmi sameiginlegt þróunarverkefni til að bæta læsi og lesskilning nemenda og leiti m.a. eftir samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneyti, sérfræðinga í læsi og lestrarkennslu m.a. á menntavísindasviði Háskóla Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga, Kennarasamband Íslands, og samtök foreldra. Stefnt verði að bættu læsi nemenda með markvissri málrækt og málörvun **allra** barna í leikskólum, markvissri lestrarkennslu á fyrstu árum grunnskóla og mikilli lesþjálfun allt til loka grunnskólans og eflingu læsis í framhaldsskólanum. Einn liður

verkefnisins verði að gera úttekt á inntaki menntunar kennara og sérkennara með tilliti til lestrarkennslu. Þá verði gerð rannsókn á þeim aðferðum sem beitt er við lestrarkennslu í skólum á höfuðborgarsvæðinu og skoðuð áhrif þeirra á árangur nemenda. Um verði að ræða verkefni sem standi til ársins 2020 og verði reglulegt mat á árangri verkefnisins.

Markmið verkefnisins verði m.a. að 90% barna í grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu hafi náð skilgreindum viðmiðum lesskimunar fyrir lok 2. bekkjar og allur þorri barna geti lesið sér til gagns fyrir lok 3. bekkjar. Stefnt verði að því að öll sveitarfélög á svæðinu noti samræmda aðferðafræði við lesskimun í 2. bekk.

Áhersla verði lögð á meira samstarf leikskóla og grunnskóla með þátttöku annarra skólastiga, samtaka foreldra, háskólasamfélagsins og menningarstofnana á höfuðborgarsvæðinu. Sérstaklega verði augin kerfisbundin lestrarskimun og eftir atvikum snemmtæk íhlutun meðal elstu barna á leikskólum.

2.3. Klasaskólar í læsi og lestrarkennslu

Efnt verði til samstarfs um sérstaka klasaskóla á höfuðborgarsvæðinu í læsi og lestrarkennslu í tengslum við þróunarverkefni um eflingu læsis. Lögð verði áhersla á samstarf allra skólastiga við myndun klasa, frá leikskólum til háskóla.

2.4. Árangursríkar aðferðir við lestrarkennslu

Leitað verði eftir samstarfi við sérfræðinga í lestrarkennslu barna um að veita ráðgjöf til kennara á leikskólum og grunnskólum um árangursríkar aðferðir til að efla mál og lestrarkennslu, með tilliti til mismunandi hópa nemenda.

Tillaga að tímaáætlun: 2015-2020

3. Kennsla í fremstu röð

3.1. Stuðningur við faglegt skólastarf

Hlúð verði að faglegu starfi í skólum á höfuðborgarsvæðinu með raunhæfum stuðningi við kennara. Áhersla verði lögð á fyrsta flokks kennslu og náð samstarf kennara og skólastjórnenda um skipulag og inntak náms og kennslu. Hvatt verði til víðtækra starfendarannsókna kennara, undir handleiðslu reyndra sérfræðinga á kennslu – og starfsháttum í skólum á höfuðborgarsvæðinu, með það fyrir augum að auka fagmennsku og gæði menntunar á svæðinu. Lögð verður áhersla á að fylgt verði ákvæðum laga um gæðamat á öllum skólastigum. Stefnt verði að meiri sveigjanleika í ráðstöfun á vinnu kennara til að skapa svigrúm fyrir fjölbreytta starfshætti í skólum.

3.1.1. Kennarastarf metið að verðleikum

Efnt verði til samstarfs við Kennarasamband Íslands um mótun aðgerða til að auka virðingu kennarastarfsins og gera kennslu að eftirsóknarverðum starfsvettvangi, samhliða bættum kjörum kennara og aðbúnaði í skólum. Sérstök áhersla verði lögð á aðgerðir sem efla fagmennsku, hæfni og starfsgleði kennara með markvissri starfsþróun. Jafnframt verði leitað fjölbreyttra leiða til stuðnings og leiðsagnar við kennara, t.d. með því að efla starfendarannsóknir.

3.1.2. Fagleg forysta skólastjórnenda

Áhersla verði lögð á að efla skólastjórnendur sem faglega leiðtoga skólastarfsins, m.a. með því að gera þeim kleift að auka samstarf og stuðning við kennara um framþróun kennsluhátta með árangur allra nemenda að leiðarljósi. Áhersla verði lögð á að efla leiðtogahæfni stjórnenda með fræðslu, vinnustofum og markvissum starfsþróunarverkefnum. Sérstaklega verði hugað að skilgreiningum á faglegum hæfiskröfum skólastjórnenda.

3.2. Skýrari markmiðssetning og eftirfylgni kennslu

Efnt verði til samráðs við Kennarasamband Íslands um hvernig megi auka markmiðssetningu og eftirfylgni í kennslu í grunnskólum, ekki síst á unglingastigi. Áhersla verði lögð á að auka nemendamiðaða kennslu, virkni og frumkvæði nemenda, s.s. í hópavinnu við lausn verkefna, í samræmi við niðurstöður samanburðarkönnunar TALIS og fyrirbyggjandi rannsóknir á kennsluháttum.

3.3. Mat á árangri kennsluaðferða

Leitað verði eftir samstarfi við skólastjórnendur og kennara um að meta árangur af kennsluaðferðum í skólum og endurskoða þær með tilliti til árangurs nemenda. Sérfræðingar í háskólasamfélaginu verði fengnir til að veita ráðgjöf um matsaðferðir og árangursríka kennsluhætti, sérstaklega með tilliti til mismunandi hópa, þar á meðal nemenda með hegðunar- eða námserfiðleika, einhverfu eða önnur þroskafrávik og nemenda af erlendum uppruna.

3.4. Próf í grunn- og framhaldsskólum innihaldsgreind

Próf í grunn- og framhaldsskólum á Íslandi verði greind með tilliti til innihalds, þar sem fram komi mat á því hve mikil áhersla er lögð á prófun staðreyndabekkingar og hve mikil á skilning og yfirfærslu þekkingar.

3.5. Meiri gæði í grunnmenntun kennara

Gerð verði óháð rannsókn á gæðum kennaramenntunar á Íslandi með aðstoð sérfræðinga, með sérstakri áherslu á það hvernig menntunin nýtist á vettvangi. Markmið úttektar verði að fá greinargott yfirlit um styrkleika og veikleika í undirbúningi kennaranema til að takast á við fjölbreyttar þarfir nemendahópsins með það að markmiði að þjálfa kennaranema í að beita árangursríkum kennsluháttum. Í rannsókninni verði m.a. greint hvaða áhersla er lögð á list- og verkgreinar í kennaranámi, skapandi kennsluaðferðir, teymisvinnu, foreldrasamstarf, notkun upplýsingatækni, nemendur með sérþarfir o.fl. Leitað verði leiða til að efla starfsþjálfun kennaranema og kennara sem eru ungir í starfi, þjálfa þá m.a. í að greina námsvanda fljótt og auðveldlega og byggja upp færni í kennslu þar sem beitt er ólíkum aðferðum og tækni.

Sérstaklega verði kannaður grundvöllur fyrir samstarfi leikskóla og grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu við Menntavísindasvið Háskóla Íslands um markvissa starfsþjálfun og rannsóknir kennaranema.

3.6. Aðgerðaáætlun um starfsþróun kennara

Skólamálanefnd SSH móti aðgerðaáætlun í samráði við *Fagráð um símenntun og starfsþróun kennara* um að efla símenntun og starfsþróun kennara, meira framboð á símenntun og skilvirka nýtingu þess.¹¹ Sérstaklega verði hugað að því hvernig auka megi hlutfall þeirra kennara sem afla sér framhaldsmenntunar og fjölga tækifærum kennara og skólastjórnenda til að sinna símenntun samhliða vinnu og á starfstíma skóla.

Tillaga að tímaáætlun: 2015-2020

4. Nemendamiðaður skóli

4.1. Bættur námsárangur á grunni metnaðarfullra hæfnimarkmiða

Skólum á höfuðborgarsvæðinu verði falið að leita leiða til að bæta kunnáttu og færni nemenda í lestri, stærðfræði og náttúrufræði. Leiðirnar verði settar fram í útfærðum hæfnimarkmiðum sbr. aðalnámskrá grunnskóla.

Stefnt verði að því að miðla árangursríkustu leiðunum milli skóla og sveitarfélaga, t.d. í gegnum klasaskóla og samráðsvettvang skóla, sveitarfélaga og háskólasamfélagsins.

4.2. Samhæfing sérfræðiþjónustu við nemendur á höfuðborgarsvæðinu

Gerð verði úttekt á kostum og göllum þess að samhæfa sérfræðiþjónustu sveitarfélaganna við nemendur á höfuðborgarsvæðinu. Í þeirri úttekt verði horft til þess að sérfræðiþjónusta við nemendur með námserfiðleika, félagslegan eða sálrænan vanda sem og þjónusta við bráðgera nemendur standi framhaldsskólanemum til boða rétt eins og grunnskólanemum.

¹¹ Fagráð um símenntun og starfsþróun kennara er sameiginlegur vettvangur mennta- og menningarmálaráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Kennarasambands Íslands og háskóla sem skipuleggja kennaramenntun.

4.3. Bætt nýting upplýsingatækni í námi

Mótuð verði aðgerðaáætlun um aukna nýtingu upplýsingatækni í skólastarfi og henni hrint í framkvæmd með það fyrir augum að glæða áhuga nemenda, virkja sjálfstæði þeirra og sköpunarkraft.

4.4. Meira valfrelsi og frumkvæði nemenda

Lögð verði áhersla á sjálfræði og ábyrgð nemenda við val á viðfangsefnum og vinnuaðferðum í námi á öllum skólastigum. Sérstaklega verði stefnt að meiri virkni og frumkvæði nemenda í gegnum skapandi skólastarf. Ræktuð verði frumkvöðlafærni nemenda með því að virkja sköpunarkraft og framkvæmdagleði á grunni staðgóðrar þekkingar, færni og leikni í náttúruvísindum, tækni, listum og stærðfræði (STEAM).

4.5. Aukið vægi verklegs náms í grunnskólum

Leitast verið við að fjölga þeim sem velja verknám í framhaldsskóla, m.a. með reglubundnum starfskynningum og öflugri námsráðgjöf í grunnskólum. Meiri áhersla verði lögð á verklegt nám og verkefnavinnu í grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu, í auknu samstarfi við atvinnulífið t.d. í smiðjum þar sem nemendum gefst kostur á hagnýtri þjálfun í verklegum vinnubrögðum undir handleiðslu fagmanna. Sérstaklega verði skoðað í samráði við menntamálaráðuneyti og aðila vinnumarkaðarins hvort fýsilegt sé að gefa nemendum í efstu bekkjum grunnskóla kost á því á að hefja starfsnám í 9.-10. bekk til að flýta útskrift og minnka brotthvarf.

4.6. Mat á framkvæmd einstaklingsmiðaðs náms

Rannsókn verði gerð á framkvæmd einstaklingsmiðaðs náms í grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu, virkni og sjálfræði nemenda um nám sitt og framvindu þess.

Tillaga að tímaáætlun: 2015-2020 ¹²

¹² Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (2014a).



Almennt virðist vera góð samstaða um mikilvægi góðra tengsla skólastiga og samfellu í námi. Hins vegar er skortur á þekkingu kennara á umgjörð og starfsháttum aðliggjandi skólastiga og upplýsingar um stöðu nemenda berast ekki sem skyldi milli skólastiga og eru því illa nýttar. Nokkuð er um endurtekningu námsefnis á skilum grunn –og framhaldsskóla og sambærilegt afturhverft rof finnst líka í lestrarkennslu á mörkum leik- og grunnskóla.¹³

Brotthvarf nemenda úr framhaldsskólum hefur um árabil verið mikið á Íslandi og meira en á Norðurlöndunum og reyndar flestum löndum OECD. Brotthvarfá höfuðborgarsvæðinu er fjórðungi minna en á landsbyggðinni og hefur lækkað undanfarinn áratug úr 30% í tæp 25%. Brotthvarfið er um 18% innan OECD að meðaltali og enn lægra eða 11-12% á Norðurlöndunum að meðaltali. Brotthvarf er nær tvöfalt meira úr verk-og tækninámi á höfuðborgarsvæðinu heldur en úr almennu bóknámi eða 36% borið saman við 20%.

Þjóðfélagslegur kostnaður af brotthvarfi einstaklings úr framhaldsskóla er metinn 14 milljónir króna á verðlagi ársins 2012. Þar munar mestu um áhrif lakari menntunarstöðu á væntar ævitekjur. Ef miðað er við að tæp 20% nemenda hverfi frá námi á hverju ári er heildarkostnaður þjóðfélagsins af því brotthvarfi rúmir 52 milljarðar króna, þar af 32 milljarðar króna á höfuðborgarsvæðinu. Ætla má að ávinningur samfélagsins af því að grípa til aðgerða til að draga úr brotthvarfi gæti numið allt að 27 milljörðum króna á höfuðborgarsvæðinu.

Metinn var fýsileiki þess að flytja umsýslu og rekstur framhaldsskóla frá ríki til sveitarfélaga. Niðurstöður eru ekki einhlítar en gefa þó til kynna að varhugavert sé að stíga slíkt skref til fulls í einum áfanga, þar sem ávinningurinn er í besta falli óljós. Flutningur framhaldsskóla í smærri skrefum er vænlegri til árangurs, s.s. með því að heimila flutning eins eða fleiri framhaldsskóla í tilraunaskyni frá ríki til sveitarfélaga. Sú aðferð gefur kost á því að læra af reynslunni og þróa mótvægisaðgerðir ef þörf krefur á

¹³ Gerður G. Óskarsdóttir (2012).

hverjum stað. Helstu rök með flutningi framhaldsskóla til sveitarfélaga eru meiri samfella í kennslu og námi; betri nýting fjármuna og meiri skilvirkni skólastarfs t.d. við að draga úr líkum á brotthvarfi nemenda. Rök gegn flutningi eru m.a. að hætta sé á minni fjölbreytni og fækkun valkosta varðandi framboð framhaldsskólanáms, hætta á áttthagafjöðrum þar sem þrýst verði á nemendur og foreldra þeirra um að nemendur stundi nám í eigin sveitarfélagi og ótti við minna sjálfstæði framhaldsskóla en verið hefur, þegar forræði þeirra verði komið til sveitarfélaga, þar sem nálægð kjörinna fulltrúa við starfsemi á vettvangi er meiri.

Mikilvægt er að bregðast við þessum röksemdum með aðgerðum sem miða að því að viðhalda fjölbreytni í framhaldsskólakerfinu, t.d. með samstarfi sveitarfélaga á vettvangi landshlutasamtaka og að fjármagn frá ríkisvaldinu fylgi nemendum sem hafi þá val um það hvort þeir sækja framhaldsskóla í eigin sveitarfélagi eða utan þess.¹⁴ Fjölbreytni varðandi rekstrarform framhaldsskóla með þátttöku ríkis, sveitarfélaga og einkaaðila er ein leið til að tryggja fjölbreytt námsframboð á framhaldsskólastigi í þágu nemenda.¹⁵



¹⁴ McKinsey & Company (2007).

¹⁵ Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (2014b)

Samvinna skólastiga frá leikskóla til háskóla

Framtíðarsýn:



Nám nemenda verði skipulagt sem heildstætt ferli frá leikskóla og til loka framhaldsskóla. Lögð verði áhersla á samfellu skólastarfs og samstarf fagfólks á mismunandi skólastigum með þarfir nemenda í huga .

Tillaga að aðgerðaáætlun:



1. Samfellt skólastarf í þágu nemenda

Hrint verði í framkvæmd áætlun, á vegum Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um aðgerðir til að auka samfellu skólastarfs frá leikskóla til og með framhaldsskóla. Áhersla verði á að hagsmunir nemenda ráði för um skipulag og inntak náms.

1.1. Formlegt samstarf kennara á aðliggjandi skólastigum

Ýtt verði undir formlegt samstarf kennara og stjórnenda á aðliggjandi skólastigum um starfshætti og inntak náms með það fyrir augum að auka samfellu í námi nemenda.

1.2. Lenging skólaskyldu

Í samhengi við mögulegan flutning framhaldsskóla til sveitarfélaga og samræmingu á rekstri allra skólastiga fram til háskólanáms á einni hendi verði skoðað hvort rétt sé að lengja skólaskyldu, s.s. með því að gera síðasta ár leikskólans að skólaskyldu.

1.3. Miðlun upplýsinga milli skólastiga

Unnið verði að því að upplýsingar um námsstöðu nemenda fylgi þeim á milli skólastiga og verði nýttar við skipulag náms á efra skólastigi.

1.4. Sveigjanleg skil grunn- og framhaldsskóla

Tryggt verði að nám grunnskólanemenda í framhaldsskólaáföngum verði metið sem skyldi í framhaldsskólum. Lögð verði áhersla á að nemendum standi til boða nám sem tekur mið af stöðu hvers og eins við upphaf framhaldsskólanáms.

Tillaga að tímaáætlun: 2015-2020

2. Brotthvarf nemenda úr framhaldsskólum

2.1. Aðgerðaáætlun um minnkun brotthvarfs nemenda úr framhaldsskólum.

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneyti hrindi í framkvæmd aðgerðaáætlun með það að markmiði að minnka brotthvarf framhaldsskólanema um helming og hækka þar með útskriftarhlutfall nemenda í framhaldsskólum á svæðinu þannig að það verði að lágmarki 85% árið 2020.

Efnt verði til sjö ára þróunarverkefnis til að hækka útskriftarhlutfall nemenda í framhaldsskólum í samstarfi allra skólastiga og menntamálaráðuneytisins með áherslu á nemendamiðað nám, markvissan námsstuðning, samfellu milli skólastiga, fjölbreyttar námsleiðir, öfluga náms- og starfsráðgjöf o.s.frv.

Litið verði til reynslu annarra þjóða, sem náð hafa árangri í að draga verulega úr brotthvarfi nemenda með markvissum aðgerðum og eftirfylgni.

Tillaga að tímaáætlun: 2014-2020

3. Flutningur framhaldsskóla til sveitarfélaga

Hafinn verði undirbúningur að yfirfærslu á rekstri framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu frá ríki til sveitarfélaga, til samræmis við stefnumótun Sambands íslenskra sveitarfélaga 2011-2014.¹⁶

3.1. Starfshópur um fýsileika flutnings framhaldsskóla til sveitarfélaga

Skólamálanefnd SSH setji á fót starfshóp sem fjalli um kosti og galla flutnings framhaldsskóla til sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu með áherslu á þau skilyrði sem þurfi að uppfylla til að slíkur flutningur leiði til fjölbreyttara og betra skólastarfs þar sem þarfir nemenda og forráðamanna þeirra eru í forgrunni. Eitt af verkefnum starfshópsins verði að móta tillögur um endurskoðun á forsendum núverandi reiknilíkans, með það að markmiði að skilgreind verði raunhæf kostnaðarviðmið fyrir framhaldsskóla. Í starfshópnum eigi sæti fulltrúar allra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Kennarasambands Íslands, Skólameistarafélags Íslands, mennta- og menningarmálaráðuneytis, Félags framhaldsskólanema og samtaka foreldra.

Tillaga að tímaáætlun: 2015-2016

3.2. Tilraunaverkefni til fimm ára

Hvatt er til að þau sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu sem áhuga hafa fái leyfi menntamálaráðuneytisins til að taka yfir rekstur einstakra framhaldsskóla sem þróunarverkefni til fimm ára.¹⁷ Í ljósi reynslu af ofangreindum þróunarverkefnum verði öðrum sveitarfélögum gert kleift að taka yfir rekstur framhaldsskóla, allt eftir áhuga og aðstæðum á hverjum stað.

Tillaga að tímaáætlun: 2015-2019¹⁸

¹⁶ Í stefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga 2011-2014 er kveðið svo á að sambandið vilji stuðla að því að tilraun verði gerð með rekstur framhaldsskóla á vegum sveitarfélaga.

¹⁷ Nú þegar hafa bæjaryfirvöld í Garðabæ óskað eftir að fá að taka yfir rekstur Fjölbautaskólans í Garðabæ og átt formlegar viðræður við núverandi og fyrrverandi menntamálaráðherra um það. Skipaður hefur verið vinnuhópur ráðuneytisins með þátttöku Garðabæjar og Sambands íslenskra sveitarfélaga um fýsileika slíkrar yfirfærslu. Þá var samþykkt tillaga í Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar í febrúar 2014 þar sem óskað er eftir viðræðum við menntamálaráðherra um að Reykjavík reki framhaldsskóla.

¹⁸ Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (2014b)



Mikill skortur er á húsnæði á viðráðanlegu verði á höfuðborgarsvæðinu m.a. vegna þessi að íbúum þess hefur fjölgað um 35% undanfarinn aldarfjórðung. Mikil fjölgun hefur orðið í hópi leigjenda á höfuðborgarsvæðinu frá árinu 2007 og er fjölgunin mest í hópi ungs fólks og tekjulágra. Tæpur fjórðungur ungs fólks á aldrinum 25-34 ára er á leigumarkaði og hefur hlutfall þeirra tvöfaldast frá því fyrir efnahagshrun. Í tillögu að svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2015-2040 er stefnt að því að byggja upp fjölbreyttan húsnæðismarkað með sérstaka áherslu á aukið framboð húsnæðis á viðráðanlegu verði.¹⁹ Slíkar áherslur koma m.a. til móts við þarfir ungs fólks og námsmanna, sem ekki hafa mikil fjárráð eða aðgang að hagstæðu lánsfé eftir hrun fjármálamarkaðarins árið 2008. Ungt fólk á höfuðborgarsvæðinu kallar sérstaklega eftir fjölgun lítilla námsmannaíbúða til leigu á hagkvæmum kjörum og áform eru um uppbyggingu þeirra í Reykjavík og Kópavogi.

Ef spár um mannfjöldaþróun á höfuðborgarsvæðinu ganga eftir má enn búast við þriðjungs fjölgun íbúa á næsta aldarfjórðungi. Ljóst er að samgöngukerfi svæðisins ber ekki slíka aukningu ef henni fylgir samsvarandi fjölgun einkabíla, en þeim hefur fjölgað um ríflega 46% frá árinu 1985. Meira vægi vistvænna samgangna á borð við almenningssamgöngur, hjólreiðar og umferð gangandi vegfarenda er því mikilvæg forsenda skilvirkra samgangna í framtíðinni. Ungt fólk á höfuðborgarsvæðinu leggur áherslu á samþættingu fjölbreytts samgöngukerfis þar sem hugað er að samstillingu mismunandi ferðamáta, s.s. almenningssamgangna, hjólreiða, gönguferða og þjónustu leigubíla. Námsmenn leggja áherslu á að koma verði upp skutluþjónustu á milli háskólabygginga og stúdentagarða, sveigjanlegri tímaáætlanir til að mæta þörfum háskólastúdenta og ungs fólks, hærri niðurgreiðslur á strætókortum og síðast en ekki síst að mótun deiliskipulags í nágrenni námsmannaíbúða taki mið af þjónustu almenningssamgangna.

¹⁹ Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (2014f).

Mikill stuðningur er við frekari uppbyggingu hjólreiðastíga ekki síst meðal ungs fólks og forsvarsmenn námsmanna leggja m.a. áherslu á bættar tengingar hjólreiðastíga milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu; að hönnun hjólreiðastíga taki mið af samgönguásum og nálægð við samgöngumiðstöðvar og að komið verði upp hjólreiðageymslum við samgöngumiðstöðvar.

Atvinnumál eru mikilvægur málaflokkur fyrir námsmenn, jafnt meðfram námi sem og að loknu námi. Stúdentar kalla eftir því að mótaður verði nýr farvegur fyrir samstarf stúdenta, háskóla, opinberra aðila og atvinnulífs um rannsóknarverkefni stúdenta. Lagt er til að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu taki þátt í slíku samstarfi stúdentahreyfinga, háskóla, fyrirtækja og stofnana sem feli í sér að sett verði á fót verkefnamiðlun, þar sem fyrirtæki, sveitarfélög og stofnanir hins opinbera geti óskað eftir liðsstyrk stúdenta til að vinna hagnýt rannsóknarverkefni.

Krafa um meira beint lýðræði hefur aukist í samfélaginu eftir efnahagshrunið og mikilvægt er fyrir sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu að virkja ungt fólk til áhrifa á svæðinu. Auka mætti áhrif ungs fólks t.d. með áheyrnaraðild að sveitarstjórnnum og fastanefndum sveitarfélaga í málefnum sem tengjast ungu fólki, sem og þjónustufyrirtækjum á borð við Strætó b.s. Jafnframt mætti auka áhrif ungs fólks á stefnumótun sveitarfélaga með rafrænum könnunum og kosningum um brýn hagsmunamál ungs fólks.

Listsköpun og menning er órjúfanlegur hluti af skapandi borgarbrag hvar sem er í heiminum og er eðlilegt að horft sé til Listaháskólans um leiðir til að efla hann. Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hvetja til þess að sá mannauður sem býr í Listaháskólanum verði nýttur til að örva skapandi borgarbrag á höfuðborgarsvæðinu sem geri svæðið að áhugaverðum stað til að búa á fyrir námsfólk og annað ungt fólk. Meðal annars verði horft til þess að nýta betur aðstöðu og húsnæði á vegum sveitarfélaganna sem rekið er fyrir almannafé, s.s. listasöfn, myndlistasali og tónleikasali.

Sóknarfæri felst í alþjóðlegri markaðssetningu á höfuðborgarsvæðinu sem fýsilegri háskólaborg. Lagt er til að Reykjavíkurborg taki að sér forystuhlutverk varðandi slíka markaðssetningu með því að setja á fót verkefnastjórn með þátttöku sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Háskóla Íslands, Háskólans í Reykjavík, Listaháskólans, Stúdentaráðs Háskóla Íslands, Stúdentafélags Háskólans í Reykjavík og nemendafélaga Listaháskóla Íslands. Við markaðssetninguna verði m.a. lögð áhersla á öfluga þjónustu fyrir námsmenn með börn, svo sem leikskólaþjónustu, fjölbreytt framboð grunnskóla og þjónustu dagforeldra.²⁰



²⁰ Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (2014c)

Höfuðborgarsvæðið sem háskólaborg

Framtíðarsýn:



Höfuðborgarsvæðið er aðlaðandi staður til að stunda háskólanám í augum innlendra og erlendra námsmanna. Sveitarfélögin á svæðinu stuðla að uppbyggingu námsmannaíbúða, fjölbreyttra samgöngukosta og þjónustu við barnafjölskyldur og tryggja þátttöku ungs fólks í ákvarðanatöku sveitarfélaganna um brýnustu hagsmunamál ungu kynslóðarinnar.

Tillaga að aðgerðaáætlun:



1. Fjölbreyttir valkostir í húsnæðismálum

1.1. Fjölga litlum námsmannaíbúðum

Áhersla verði lögð á að fjölga litlum og hagkvæmum íbúðum fyrir námsmenn. Skipulag taki mið af nútímalegri hönnun lítilla íbúða. Hlutverk sveitarfélaga verði að leggja til lóðir sem séu vel staðsettar eða liggi vel að samgöngum. Sveitarfélögin leiti jafnframt heppilegra samstarfsaðila til að byggja upp íbúðir, með það í huga að leigu- eða söluverð verði viðráðanlegt fyrir námsmenn. Ríkisvaldið þarf að eiga þátt í að stuðla að hagstæðri langtímafjármögnun, með hækkun húsaleigubóta til samræmis við vaxtabætur og með endurskoðun byggingareglugerðar með húsnæðisparfir námsmanna í huga. Háskólar þurfa að vera tilbúnir að leggja til lóðir nálægt skólunum undir námsmannaíbúðir.

Tillaga að tímaáætlun: 2015-2020

1.2. Ný stúdentabyggð rísi við Kársnes

Kópavogsbær hefur til skoðunar hugmyndir um að reisa námsmannaíbúðir við Kársnes í tengslum við áform sem kynnt eru í aðalskipulagi Kópavogs og aðalskipulagi Reykjavíkur um brú á milli sveitarfélaganna tveggja við Kársnes fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur og almenningssamgöngur. Hvatt er til þess að slík uppbygging verði sett í forgang og gætt að uppbyggingu þjónustu, s.s. lágvöruverðsverslana ogleikskóla auk tenginga við samgöngumiðstöð í Hamraborg.

Tillaga að tímaáætlun: 2015-2020

2. Skilvirkar samgöngur

2.1. Háskólaskutlur milli háskólabygginga og stúdentagarða

Boðið verði upp á skutlur á milli bygginga háskólanna þriggja í borginni og námsmannaíbúða víðs vegar um höfuðborgarsvæðið, til að bæta þjónustu við námsmenn og draga úr þörf þeirra fyrir notkun einkabíls.

2.2. Áhersla á þjónustu almenningssamgangna í nágrenni námsmannaíbúða

Mikilvægt er að tryggja skilvirkar almenningssamgöngur við vinnslu deiliskipulags svæða þar sem gert er ráð fyrir námsmannaíbúðum. Hér má nefna sem dæmi uppbyggingu í Vatnsmýri, þar með talið fyrirhugað hverfi Vals við Hlíðarenda. Þetta þyrfti að tryggja í verklagi við vinnslu deiliskipulags.

2.3. Sveigjanleg þjónusta á sviði almenningssamgangna

Kannaður verði fýsileiki þess að setja á fót sveigjanlega þjónustu (e. flex) almenningsvagna á höfuðborgarsvæðinu til að mæta þörfum námsmanna og ungs fólks. Slíkir vagnar geti t.d. hafið akstur fyrr á morgnana og lokið akstri síðla nætur, s.s. fyrir þá sem þurfa að sækja vinnu á óreglulegum tímum.

2.4. Meiri niðurgreiðslur á strætókortum fyrir námsmenn

Skoðaðar verði hugmyndir um flatan afslátt á fargjöldum gegn framvísun stúdentaskírteina og afslættir verði afgreiddir með snjallsímalausnum.

2.5. Almenningsamgöngur sem tæki til að skapa borgarbrag

Í kjölfar vitundarvakningar um umhverfisvernd og vistvænar samgöngur hefur ungt fólk í auknum mæli tekið vistvæna ferðamáta fram yfir notkun einkabíls. Framtíðarsýn ungu kynslóðarinnar lýtur ekki síst að frekari samþættingu fjölbreyttra ferðamáta í þéttrið samgöngunet sem svarar nútímalegum kröfum um skilvirkni og hagkvæmni. Þar má nefna hjólreiðar, almenningsamgöngur, gangandi vegfarendur, þjónustu leigubíla og skipulagðar hópferðir.

2.6. Betri hjólreiðastígar

Uppbygging hjólreiðastíga hefur verið mikil og hröð á höfuðborgarsvæðinu á undanförunum árum og notkun þeirra er mikil og vaxandi. Meðfylgjandi eru tillögur um frekari uppbyggingu hjólreiðastíga á svæðinu:

2.6.1. Hönnun hjólreiðastíga taki mið af samgönguásum/-miðstöðvum

Í Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins verði kveðið á um að hönnun hjólreiðastíga skuli taka mið af samgönguásum og nálægð við starfsemi samgöngumiðstöðva.

2.6.2. Sérstakar hjólreiðageymslur við samgöngumiðstöðvar

Settar verði upp hjólageymslur við samgöngumiðstöðvar með tilheyrandi útbúnaði á borð við loftpumpur, vatnsbrunna o.s.frv. Verkefnið verði á ábyrgð umhverfissviða sveitarfélaganna.

2.6.3. Betri tengingar á milli sveitarfélaga

Bættar verði tengingar hjólreiðastíga á milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu í samstarfi skipulagsnefnda sveitarfélaganna á svæðinu.

2.6.4. Hjólreiðastígar hannaðir með tilliti til snjómoksturs

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu gæti þess að hönnun hjólreiðastíga taki tillit til snjómoksturs. Ábyrgð verkefnis verði falin umhverfissviðum sveitarfélaganna.

Tillaga að tímaáætlun: 2015-2020

3. Atvinnusköpun

3.1. Verkefnamiðlun milli fyrirtækja, stofnana og háskóla

Sveitarfélögin taki þátt í samstarfi stúdentahreyfinga, háskóla, fyrirtækja og stofnana um að stofna og reka verkefnamiðlun, þar sem fyrirtæki og stofnanir geti óskað eftir stúdendum til að vinna tiltekin hagnýt rannsóknarverkefni.

- Aðgerðir:
 - Stofna vinnuhóp með aðild fulltrúa frá helstu hagsmunaaðilum.
 - Leita t.d. til Klak Innovit um aðkomu við undirbúning og utanumhald.
 - Hönnun og uppsetning vefsíðu.
 - Kynning og markaðssetning.

Tillaga að tímaáætlun: 2015-2020

4. Skapandi borgarbragur

4.1. Samstarf við Listaháskóla Íslands um skapandi nýtingu opinbers húsnæðis á höfuðborgarsvæðinu

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu eigi frumkvæði að samstarfi við Listaháskóla Íslands þar sem lögð er sérstök áhersla á að nýta skólann til að efla skapandi borgarbrag á höfuðborgarsvæðinu sem geri svæðið að áhugaverðum stað til að búa á fyrir námsfólk sem aðra. Meðal annars verði horft til þess að nýta betur aðstöðu og húsnæði sem rekið er fyrir almannafé, s.s. listasöfn, myndlistasali, jafnvel Hörpuna þegar önnur starfsemi er ekki til staðar.

4.2. Netsala á matvöru

Sveitarfélögin taki þátt í að hvetja til sölu matvöru á netinu, s.s. með samtölum við hagsmunaaðila og opnum fundum. Slík þjónusta þar sem vörur yrðu sendar heim til viðskiptavina styður við stefnuáherslur um vistvænar samgöngur og þarfir nýrrar kynslóðar.

Tillaga að tímaáætlun: 2015-2020



5. Lýðræði

5.1. Meiri áhrif ungs fólks á stefnumótun sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu leggi fram áætlun um meiri áhrif ungs fólks á stefnumótun sveitarfélaganna og þátttöku ungs fólks í ákvörðunum um eigin málefni. Settur verði á fót starfshópur á vegum SSH með fulltrúum ungs fólks sem greini mismunandi leiðir og forgangsraði tillögum. Þar verði m.a. tekin afstaða til eftirfarandi kosta:

- Ungt fólk eigi áheyrnarfulltrúa í borgarstjórn Reykjavíkur og bæjarstjórnnum á höfuðborgarsvæðinu, sem og fastanefndum sveitarfélaganna.
- Ungt fólk eigi fulltrúa/áheyrnarfulltrúa í stjórn SSH.
- Aukin áhrif ungs fólks með rafrænum könnunum og kosningum um málefni sem tengjast ungu fólki.
- Fundir þar sem málefni ungs fólks eru í brennidepli verði haldnir að loknum skóladegi, s.s. eftir klukkan 14 á virkum dögum.

5.2. Aukið vægi ungs fólks í stefnumótun Strætó bs.

Ungt fólk er vaxandi markhópur almenningssamgöngukerfisins á höfuðborgarsvæðinu og eðlilegt er að nýta ungt fólk betur við stefnumótandi ákvarðanir um þjónustuna. Ýmsar leiðir koma til greina: að skipa ungt fólk í stjórn Strætó bs, að ungt fólk hafi áheyrnarfulltrúa í stjórn, að sett verði á fót notendaráð ungs fólks og að Strætó bs. hafi frumkvæði að formlegu samráði við ungt fólk og aðra notendahópa, t.d. eldri borgara um aðkomu þess að stefnumótun fyrirtækisins.

5.3. Betra upplýsingaflæði milli sveitarfélaga og ungs fólks

Sveitarfélögin beiti sér fyrir betri upplýsingamiðlun til ungs fólks um málefni sem þau varða. Leitað verði til samtaka á borð við Samband íslenskra framhaldsskólanema, Landssamtök íslenskra stúdenta, Landssamband æskulýðsfélaga og önnur samtök ungs fólks varðandi miðlun upplýsinga til ungs fólks. Sveitarfélögin nýti miðla sem sérstaklega eru ætlaðir ungu fólki til að nálgast markhópin og miðla til hans upplýsingum. Samhliða verði lögð meiri áhersla á það í skólum að kenna börnum og ungmennum um réttindi og skyldur íbúa og leiðir til áhrifa í lýðræðissamfélagi. Sérstaklega verði gætt að því hvernig megi tryggja þátttöku ungs fólks, sem ekki er í skóla og formlegum samtökum.

Tillaga að tímaáætlun: 2015-2020

6. Þjónusta við fjölskyldufólk

6.1. Samstarf um heildstæðan skóladag

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu efli enn frekar samstarf skóla, frístundamiðstöðva, íþróttafélaga, skáta, listaskóla o.fl. með það að markmiði að stuðla að heildstæðum skóladegi barna og ungmenna, sem taki mið af hefðbundnum vinnutíma foreldra.

6.2. Aðgerðaáætlun

1. Efna til samstarfs innan hverfa milli þeirra aðila sem sjá um skóla- og frístundastarf barna og ungmenna með ofangreint markmið á stefnuskránni.
2. Skipa samráðshópa um „stundatöflugerð“ fyrir tímabilið frá því að kennslu lýkur og frístund lokar. Fulltrúar íþróttahúsa, íþróttafélaga, tónlistarskóla og annarra tómstunda í hverfinu skoða ásamt fulltrúum skóla/frístundar hvernig megi nýta húsakost og mannskap til að samræma megi betur „vinnutíma“ barna og foreldra þeirra með það að markmiði að fjölga samverustundum fjölskyldunnar.

Tillaga að tímaáætlun: 2015-2020

7. Samkeppnishæfni Íslands og alþjóðleg markaðssetning

7.1. Reykjavík sem háskólaborg

Reykjavíkurborg taki að sér forystuhlutverk varðandi markaðssetningu á Reykjavík sem ákjósanlegri háskólaborg í alþjóðlegum samanburði. Sett verði á fót verkefnastjórn með þátttöku sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Háskóla Íslands, Háskólans í Reykjavík, Listaháskólans, Stúdentaráðs Háskóla Íslands, Stúdentafélags Háskólans í Reykjavík, nemendafélaga Listaháskóla Íslands og Sambands íslenskra framhaldsskólanema.

7.2. Aðgerðaáætlun

1. Skilgreina styrkleika og sérstöðu Reykjavíkur – sóknartækifæri.
2. Skilgreina veikleika og ógnanir Reykjavíkur – Húsnæðismál, samgöngur, réttindi, aðgangur að þjónustu o.s.frv.
3. Tengjast neti norrænna háskólaborga.
4. Móta stefnu og mælanleg markmið um að efla þjónustu við háskólastarfsemi á svæðinu.

7.3. Fjölskylduvæn háskólaborg

Við markaðssetningu á Reykjavík/höfuðborgarsvæðinu sem ákjósanlegum valkosti fyrir erlenda námsmenn verði m.a. lögð áhersla á öfluga þjónustu fyrir námsmenn með börn, svo sem leikskólaþjónustu, aðgang að grunnskólum, þjónustu dagforeldra o.s.frv.

Tillaga að tímaáætlun: 2015-2020²¹

²¹ Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (2014c)



Símenntun á vinnumarkaði gegnir lykilhlutverki í að efla mannauð höfuðborgarsvæðisins til að takast á við breyttar áskoranir á hverjum tíma og auka samkeppnishæfni svæðisins.²² Ríflega 22% fólks á aldrinum 25-64 ára á vinnumarkaði á höfuðborgarsvæðinu hefur eingöngu lokið grunnskóla, eða rúmlega 23 þúsund einstaklingar. Skýr fylgni er á milli menntunarstöðu og stöðu á vinnumarkaði á Íslandi eins og í öðrum löndum og er nálega helmingur atvinnuleitenda á Íslandi eingöngu með grunnskólapróf og 38% atvinnuleitenda á höfuðborgarsvæðinu. Skýr alþjóðleg krafa er um markvissari upplýsingagjöf til fólks með litla formlega menntun um framboð fullorðinsfræðslu. Sú krafa endurómar meðal fagaðila á höfuðborgarsvæðinu í tillögu um myndun sameiginlegs gagnagrunns um framhaldsfræðslu á svæðinu, svokallaðs Símenntunartorgs. Markmið Símenntunartorgs verði að auðvelda aðgang að upplýsingum um framboð símenntunar og framhaldsfræðslu á höfuðborgarsvæðinu og halda utan um þær. Stuðlað verði að gagnvirkni upplýsinga svo að notandi geti áttað sig á stöðu sinni og fái leiðbeiningar um mögulegar leiðir varðandi símenntun og starfsþróun, starfsráðgjöf, umsóknir um nám og störf o.s.frv.

Vaxandi áhugi er á samstarfi fullorðinsfræðsluaðila á höfuðborgarsvæðinu í stað samkeppni þeirra á milli. Lagt er til að Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu taki þátt í að móta formlegan samstarfsvettvang með aðilum vinnumarkaðarins, aðilum sem sinna fullorðinsfræðslu, sérfræðingum í háskólasamfélaginu. Þar verði hrint í framkvæmd tillögum um meira samstarf fræðsluaðila; aukna skilvirki og bættu nýtingu fjármuna í málaflokknum og meiri þátttöku einstaklinga á vinnumarkaði í símenntun m.a. fyrir tilstilli ýmiss konar hvatningar.

²² Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (2013).

Mikilvægt er að ríki og sveitarfélög vinni saman að því að móta tillögur um leiðir til að ná markmiðum stjórnvalda um að hlutfall fólks á vinnumarkaði sem eingöngu hefur lokið grunnskólamenntun lækki úr 30% í 10% fyrir 2020. Í þeim tilgangi er mikilvægt að vinna greiningu á umræddum hópi þar sem komi fram tengsl menntunarstöðu við stöðu á vinnumarkaði, brotthvarf úr námi og aðra félags- og efnahagslega stöðu. Lagt er til að slík greining verði unnin í samstarfi mennta- og menningarmálaráðuneytis við framhaldsskóla og háskóla á höfuðborgarsvæðinu, með þátttöku sveitarfélaganna.²³



²³ Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (2014d)

Símenntun á vinnumarkaði

Framtíðarsýn:



Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu vinna með aðilum vinnumarkaðarins og menntastofnunum að því að efla mannauð á vinnumarkaði, með það að markmiði að íbúar höfuðborgarsvæðisins séu tilbúnir til að takast á við breyttar áherslur á vinnumarkaði á hverjum tíma.

Tillaga að aðgerðaáætlun:



1. Símenntunartorg – gagnagrunnur um framhaldsfræðslu

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) taki þátt í víðtæku samstarfi um að koma á fót Símenntunartorgi, sameiginlegum gagnagrunni um símenntun og framhaldsfræðslu á höfuðborgarsvæðinu. Markmið Símenntunartorgs verði að auðvelda aðgang að allri símenntun og framhaldsfræðslu á höfuðborgarsvæðinu og halda utan um hana. Stuðlað verði að gagnvirkni upplýsinga svo að notandi geti áttað sig á stöðu sinni og fái leiðbeiningar um mögulegar leiðir varðandi símenntun og starfsþróun, umsóknir um nám og störf o.s.frv.

Samstarfsaðilar verkefnisins verði ríki og sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, atvinnulíf og fræðsluaðilar á vinnumarkaði.

1.1. Efnisþættir gagnagrunns

- | | |
|---------------------|------------------------|
| 1. Námskeið. | 7. Áhugasviðspróf. |
| 2. Hæfniramminn. | 8. Rafræn ráðgjöf. |
| 3. Raunfærnimat. | 9. Nám og námsbrautir. |
| 4. Færnimappa / CV. | 10. Vinnustaðanám. |
| 5. Forkröfur náms. | 11. Starfsþjálfun. |
| 6. Áhugasviðspróf. | 12. Europass. |

1.2. Aðgerðaáætlun:

- | | |
|--|--------------------------|
| 1. Setja á fót samráðshóp um verkefnið. | verklok: 2015. |
| 2. Kortleggja sviðið; hvað er til og hvað er í mótun. | verklok: 2015. |
| 3. Skilgreina sameiginlega gagnagrunn með þarfagreiningu o.fl. | verklok: 2015. |
| 4. Útbúa gagnagrunn. | verklok: 2016. |
| 5. Fræðsluaðilar tilbúnir með námsframboð skv. viðmiðum. | verklok: 2016. |
| 6. Kynning og markaðsstarfsemi. | stöðugt frá hausti 2016. |

2. Samstarf í stað samkeppni

SSH taki þátt í að koma á fót sameiginlegum vettvangi um framhaldsfræðslu á höfuðborgarsvæðinu með aðild sveitarfélaga á svæðinu; fræðsluaðila, mennta- og menningarmálaráðuneytis, aðila vinnumarkaðarins og sérfræðinga úr háskólasamfélaginu. Markmið verkefnisins verði skilvirk símenntun fyrir vinnumarkað og íbúa höfuðborgarsvæðisins sem byggir á þeirri forsendu að náið samstarf sé mikilvæg forsenda árangurs í málaflokknum.

2.1 Aðgerðaáætlun

Skilgreina ábyrgðaraðila sem leiðir hagsmunaaðila saman. Í þeim hóp verði menntastofnanir á öllum skólastigum, aðilar vinnumarkaðarins, símenntunarstöðvar og sveitarfélög. Verkefnið verði að mynda vettvang og skilgreina samstarfsverkefni.

Tillaga að tímaáætlun: 2015-2020

3. Meiri skilvirkni og bætt nýting fjármuna

SSH hvetur til þess að að fagaðilar í málaflokknum móti áætlun um meiri skilvirkni og bætta nýtingu fjármuna. Sérstaklega verði hugað að eftirtöldum þáttum:

- a. Efla raunfærnimat, ekki síst í mennta- og velferðargeirum.
- b. Skipuleggja og samræma þarfagreiningu fyrirtækja og sveitarfélaga á framboði símenntunar og gæðamat. Nýta fyrri þarfagreiningar þar með talið erlendar í þeirri vinnu.
- c. Samræma úthlutunarreglur.
- d. Gera símenntun einingabæra. Samræma eða sameina fræðslusjóði.

Tillaga að tímaáætlun: 2015-2020

4. Meiri þátttaka í símenntun með beitingu hvata

SSH móti áætlun um að efla símenntun á vegum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Þar verði m.a. litið til hvatningar sem geti ýtt undir þátttöku íbúa í símenntun.

- a. Stuðningur við starfsfólk til símenntunar.
- b. Markaðs- og kynningarstarf á störfum og námsleiðum.
- c. Efla náms- og starfsráðgjöf.
- d. Vinnustaðakynningar.

Tillaga að tímaáætlun: 2015-2016

5. Greining á stöðu fólks með grunnskólamenntun

SSH hvetur til samstarfs við framhaldsskóla, háskóla og mennta- og menningarmálaráðuneyti um greiningu á þeim hópi fólks á vinnualdri á Íslandi, sem eingöngu hafa lokið grunnskólaprófi. Greind verði tengsl menntunarstöðu við stöðu á vinnumarkaði, brotthvarf úr námi og aðra félags- og efnahagslega stöðu og lagðar fram tillögur um aðgerðir.

Tillaga að tímaáætlun: 2015-2016²⁴

²⁴ Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (2014d)



Listfræðsla á Íslandi er almennt í háum gæðaflokki á alþjóðlegan mælikvarða og menningarstarfsemi nýtur víðtæks stuðnings almennings, sem birtist m.a. í umtalsverðri þátttöku barna og fullorðinna í lista- og menningarstarfi, jafnt sem skapandi þátttakendur og neytendur. Á Íslandi eru nærri 86% íbúa virkir í listum og menningarstarfi, sem er einsdæmi í alþjóðlegum samanburði.²⁵ Öll börn fá einhverja listfræðslu og flest a.m.k. tvo tíma á viku. Samhliða öflugri listgreinakennslu í skólum felast spennandi tækifæri í samþættingu skapandi kennsluhátta við nám og kennslu í almennum námsgreinum. Íslenskir nemendur hafa til að bera leikni og sjálfsöryggi í sköpun sinni en þeir fá hins vegar litla þjálfun í að kynna, lýsa og gagnrýna eigin listframleiðslu og það getur háð skapandi starfi á Íslandi í framtíðinni og komið niður á samkeppnishæfni á alþjóðavettvangi. Víða í leikskólum og sérstaklega grunnskólum eru nemendur virkjaðir til þátttöku í ýmiss konar viðburðum sem tengjast listum en mikilvægt er að efla þann þátt listfræðslu í skólum sem felst í kynningum, flutningi og sýningum á verkum og sköpun nemenda. Það er grundvallarviðmið í íslensku menntakerfi að menntun sé fyrir alla og hefð er fyrir því að listfræðsla í skólum sé öllum aðgengileg. Hins vegar er umhugsunarefni að aðgangur barna með sérþarfir að listnámi utan skóla virðist ekki vera almennur. Þannig sækja börn af erlendum uppruna síður tónlistarnám en jafnaldrar þeirra og innan við helmingur tónlistarskóla veitir börnum með sérþarfir sérstaka þjónustu.²⁶ Þessi staðreynd styður mikilvægi þess að auka vægi lista og listfræðslu í almennu skólastarfi á vegum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Alls voru 2213 nemendur skráðir í listnám á framhaldsskólastigi á Íslandi haustið 2012, þar af 1796 eða 81% á höfuðborgarsvæðinu. Á höfuðborgarsvæðinu voru 41% skráð á almennar listnámsbrautir, 27% í tónmennt, 10% í listdansi og 5% lögðu stund á nám í kvikmyndagerð.²⁷ Brotthvarf listnema úr framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu er 35% eða fjórðungi hærra en nemenda úr almennu bóknámi (28%) og nokkru hærra en brotthvarf nemenda í verk- og tækninámi (30-33%). Sú staðreynd rennir

²⁵ Eurostat (2007).

²⁶ Anne Bamford (2011).

²⁷ Hagstofa Íslands (2014).

stoðum undir mikilvægi þess að endurskoða fyrirkomulag listnáms í núverandi skólakerfi. Mikilvægt er að rannsaka betur inntak og skipulag listnáms og grafast fyrir um hvort væntingar nemenda til námsins séu í samræmi við veruleikann eða hvort veigamikil skýring á hærra brotthvarfi úr listnámi en almennu bóknámi kunni að liggja í misræmi milli uppbyggingar náms og væntinga nemenda.

Metinn var fýsileiki þess að setja á fót listmenntaskóla á framhaldsskólastigi á höfuðborgarsvæðinu. Kostir slíks skóla myndu einkum felast í samþættri kennslu og námi allra helstu listgreina innan sama skóla og þeim sköpunarkrafti sem ætla má að leysist úr læðingi við þverfaglegt samstarf nemenda og kennara úr mismunandi listgreinum. Með því að tengja saman nemendur sem stunda nám í tónlist, dansi, leiklist og kvikmyndagerð strax í menntaskóla skapast frjór vettvangur nýsköpunar sem getur fært nemendum dýrmæta reynslu til hagnýtingar á vinnumarkaði. Á hinn bóginn mæla fjárhagsleg rök og vanfjármögnun framhaldsskólastigsins gegn því að stofnaður verði nýr framhaldsskóli sem gæti vegið enn frekar að rekstrarskilyrðum þeirra framhaldsskóla sem hafa lagt áherslu á listnám. Við þessar aðstæður er skynsamlegt að byggja á núverandi skipan listfræðslu en auka samstarf bóknámsskóla og sérskóla í listum eins og gert hefur verið í einstaka tilvikum með ágætum árangri, t.d. með samstarfi Kvennaskólans og Myndlistarskóla Reykjavíkur. Slíkt samstarf gerir kleift að byggja á styrkleikum beggja kerfa, t.d. að kenna almennar bóknámsgreinar með aðferðum listgreina en njóta um leið þeirrar sterku stöðu sem stúdentspróf af bóknámsbraut hefur. Slíkt samstarf hefur auk þess þann kost að nemendur sem velja að stunda listnám geti valið að halda tengslum við skólafélaga sína og vini úr grunnskóla.

Verkefnastjórn telur ekki raunhæft að stefna að stofnun nýs framhaldsskóla skapandi greina á höfuðborgarsvæðinu á næstu misserum. Fjárveitingar til framhaldsskóla á Íslandi í dag eru lágar í alþjóðlegum samanburði og er framhaldsskólastigið verulegur eftirbátur annarra skólastiga ef litið er til fjárveitinga á hvern nemanda. Við þær aðstæður er skynsamlegra að styðja enn frekar við þá listfræðslu sem fyrir er í framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu og auka samþættingu almennra námsgreina við skapandi greinar. Verkefnastjórnin vill þó árétta að með bættum rekstrarskilyrðum framhaldsskóla kann að skapast grundvöllur fyrir stofnun sérstaks framhaldsskóla í skapandi greinum.²⁸



²⁸ Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (2014e)

Menntun í menningargreinum

Framtíðarsýn:



Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu eiga gott samstarf um listfræðslu í skólum og leitast við að nýta aðferðir skapandi greina við þróun kennsluhátta í almennum námsgreinum. Lögð er áhersla á virkni og sköpun barna og ungmenna í skóla- og frístundastarfi og listsköpun þeirra er gerð sýnileg í skólaumhverfinu og gagnvart forráðamönnum.

Aðgerðaáætlun:



1. Þróunarverkefni, símenntun og gæði kennslu

- 1.1. Grunnskólar og framhaldsskólar á höfuðborgarsvæðinu verði hvattir til að auka samþættingu skapandi greina innbyrðis og við aðrar námsgreinar. Í þeim tilgangi mun SSH styðja við þróunarverkefni um kennslu almennra námsgreina með aðferðum listanna. Þróunarverkefni verði unnin í samstarfi sveitarfélaga.
- 1.2. Mótuð verði áætlun um meira framboð og nýtingu símenntunar á sviði lista og skapandi greina jafnt fyrir almenna kennara, listgreinakennara og starfsmenn leikskóla og grunnskóla.
- 1.3. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu taki upp samræmd gæðaviðmið varðandi listgreinakennslu barna og ungmenna í leikskólum og grunnskólum, með hliðsjón af alþjóðlegum fyrirmyndum.

Tillaga að tímaáætlun: 2015-2017

2. Rannsóknir og úttektir

- 2.1 Gerð verði rannsókn á kennslu í list- og verkgreinum á höfuðborgarsvæðinu, með aðstoð sérfræðinga úr háskólasamfélaginu (HÍ og LHÍ). Þar verði safnað upplýsingum um starfs- og kennsluhætti, aðstöðu, menntun kennara, tímafjölda o.s.frv. Rannsóknin fjalli m.a. um skólagerð, áherslur í kennslu, búnað og gildi sem móta starfið. Rannsóknin miði að

samræmdri framsetningu upplýsinga til að auðvelda samanburð innan svæðis og milli svæða.

2.2 Gerð verði úttekt á vægi skapandi greina í almennri kennaramenntun á Íslandi og mótaðar tillögur um leiðir til að auka vægi þeirra ef niðurstöður úttektar gefa tilefni til þess.

2.3 Framkvæmd verði úttekt á kennaramenntun í list- og verkgreinum og menntun tómstundaráðgjafa í samvinnu við kennaramenntastofnanir og mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Tillaga að tímaáætlun: 2015-2017

3. Aukið samstarf

3.1. Metin verði hagkvæmni og fýsileiki þess að auka samstarf sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um listfræðikennslu.

3.2. Efnt verði til samstarfs sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um samhæfða nýtingu skapandi verkefna á borð við *Tónlist fyrir alla, Listamenn í skólum og Skáld í skólum*. Sveitarfélögin taki þátt í því að móta önnur álíka verkefni í fleiri listgreinum, í samstarfi við fagfólk skapandi greina. Sérstök áhersla verði lögð á að tengja slík verkefni við skipulagt skólastarf og virkni barna og ungmenna í skólum.

3.3. Kannað verði hvort grundvöllur sé til samstarfs innan SSH um stuðning við gerð og rekstur vefstuddra tækifæra til náms og þjálfunar á sviði tónlistar.

3.4. Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) hafi frumkvæði að því að koma á fót faglegum samstarfsvettvangi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Kennarasambands Íslands, menntavísindasviðs HÍ, mennta – og menningarmálaráðuneytis, Bandalags íslenskra listamanna og Listaháskóla Íslands um listfræðslu í skólum, samþættingu lista við kennslu almennra námsgreina og hvernig megi efla og þróa samstarf skólafólks og fagfólks í skapandi greinum.

Tillaga að tímaáætlun: 2015-2020

4. Sýnilegri list nemenda

4.1. SSH hvetji leikskóla og grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu til að gera list nemenda sýnilegri með sýningum, viðburðum og kynningum verka sem þeir hafa skapað í tengslum við listfræðslu í skólum á svæðinu. Markmið verði að nemendur þjálfist í að kynna, flytja, sýna og rýna í verk sín til gagns.

Tillaga að tímaáætlun: 2015-2020²⁹



²⁹ Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (2014e)

Viðauki 1:

Heiltæk nálgun að þróun menntakerfa



Öflugt og sterkt menntakerfi er ein mikilvægasta grunnstoð hvers samfélags og hafa margar tilraunir verið gerðar til að þróa menntakerfið til betri árangurs. Áherslur hafa breyst í tímans rás og margt hefur mistekist í þessum efnum (sbr. t.d. Labaree, 2012; Tyack og Cuban, 1995) en annað gengið betur. Nú um stundir er lögð rík áhersla á aðferðir sem styrkja hæfni stofnunar og einstaklinga til stöðugar þróunar (capacity building) m.a. með ígrundun í daglegt starf og að byggja ákvarðanir á gögnum (Fullan, 2007; Hargreaves og Shirley, 2013; Hargreaves, 2010; Levin, 2012). Þessar áherslur endurspeglast m.a. í því sem hér er nefnt heiltæk nálgun að umbótum. Hún byggir enn fremur á kenningum um skóla sem lærdómssamfélag sem leið til að þróa skólastarfið og um leið styrkja starfsþróun kennara (Anna Kristín Sigurðardóttir, 2013; Stoll og Louis, 2007). En sýnt hefur verið fram á að starfsþróun kennara er jafnan árangursríkari ef hún er skipulögð sem hluti af umbótaáætlunum skólans (Hargreaves og Fullan, 2012; Stoll, Harris og Handscomb, 2012).


Kanadíski menntunarfræðingurinn Ben Levin (2012) hefur tekið saman nokkur atriði sem hafa einkennt árangursríkt og viðvarandi umbótastarf menntakerfa víðsvegar um heiminn. Samantektin er ætluð fyrir stefnumótandi aðila í menntakerfinu og er sett fram sem hagnýtar ráðleggingar en byggir engu að síður á rannsóknarniðurstöðum margra af þekktustu vísindamönnum á þessu sviði. Levin (2012) flokkar þessi atriði í átta liði:

1. Markmiðin með umbótastarfi eru fá, metnaðarfull og viðráðanleg, ekki er reynt að gera allt á sama tíma. Þau koma nemendum til góða og skipta máli fyrir flesta. Mælikvarðar til að meta markmiðin eru þróaðir.
2. Viðfangsefnið er nálgast af jákvæðni og trausti. Mikilvægt er að allir séu með og að þörf fyrir breytingar sé gerð sýnileg. Allir skólar taka þátt og stefnt er að jafnrétti.

3. Stefnt er að því að byggja upp hæfni með áherslu á árangur. Stefnumörkun ein og sér stuðlar ekki að breytingum. Árangursríkt umbótastarf krefst tækifæra til starfsþróunar í daglegu starfi og er samstarfsverkefni margra aðila.
4. Umbætur ná til allra stiga kerfisins og miða að því að styrkja forystu á öllum stigum og að ná samvirkni. Þetta kallar á stöðugar samræður milli aðila.
5. Gögn og niðurstöður rannsókna eru nýttar á markvissan hátt. Megindleg og eigindleg gögn eru sótt í eigin starfsvettvang og rýnt er í þau til að meta stöðuna og hvernig miðar. Mikilvægast er þó að ræða hvað gögnin segja um hvernig megi hjálpa fleiri nemendum að ná betri árangri.
6. Finna þarf jafnvægi milli þess að hafa skýran fókus á þau markmið sem verið er að vinna að hverju sinni og missa ekki sjónar á öðrum verkefnum sem fást þarf við dags daglega. Þetta er gert m.a. með því að dreifa ábyrgð og virkja aðra.
7. Tryggja þarf skilvirka nýtingu fjármagns. Komi nýtt fjármagn til umbótastarfs þarf að nýta það til að byggja upp þekkingu sem verður til áfram í skólanum, eftir að fjármagnið er farið.
8. Árangursríkar aðferðir eru notaðar við innleiðingu, með áherslu á sjálfræði skóla og sterka innviði. Árangur veltur m.a. á samstarfi stjórnenda skóla og fræðslufirvalda og getu yfirvalda til að fylgja breytingum eftir.

Hugmyndin að baki því líkani sem hér er kynnt og kallað heiltæk nálgun að umbótum byggir á því að hver eining eða stofnun sé annarri háð til að ná árangri. Ekki er nóg að vinna vel eða gera umbætur á einum stað í kerfinu til að ná árangri heldur þurfa allar einingar að vinna vel saman ef árangur á að nást, með hagsmuni samfélagsins sem og hvers einstaklings að leiðarljósi. Lykilorðin eru samhengi, ígrundun og nám. Ramminn um þessa nálgun er sóttur til Cowan, Joyner og Beckwith (2012) og nefnist á ensku *Systemic improvement* en fanga er einnig leitað víðar.

Nauðsynlegt er að beina sjónum að menntakerfinu í heild og stuðla að því að allir vinni saman og stefni að sama marki, þ.e. kennarinn með sinn nemendahóp, skólinn, skólayfirvöld í sveitarfélaginu og ríkið (Mynd 1). Auk þess þurfa aðrir aðilar sem vinna að umbótastarfinu s.s. ráðgjafastofnanir, háskólar eða rannsóknarstofur að styðja við sett markmið. Heiltækri nálgun að umbótum er stefnt gegn hefðbundinni nálgun sem höfundar telja að hafi einkennt menntaumbætur síðastliðna hálfa öld eða svo. Þeirri nálgun lýsa þeir sem “fix the parts” (sem beinist að því að þróa einstaka hluta s.s. kennsluhætti eða námsmat), “fix the people” (starfsþróun og námskeið eina aðferðin sem er notuð) eða “fix the school” (stofnanakenningum beitt til að þróa skólann). Heiltækri nálgun er ætlað að sameina þessar leiðir. Markmiðið er að gera umbætur sem lifa áfram, eru sjálfbærar, og leiða til betri árangurs til lengri tíma litið.



Mynd 1: Samhent forysta fyrir umbótum.

Þau Cowan, Joyner og Beckwith (2012) kynna líkan (Mynd 2) sem þrjár víddir, sem eiga að vera leiðbeinandi fyrir umbótastarfið: þættir (components) sem ættu að vera hluti af umbótastarfinu, hæfni (competencies) sem þarf að styrkja og hin mismunandi stig (levels) kerfisins sem umbætur þurfa að ná til.

Stigin eru á lóðrétta ásnum í líkaninu (Mynd 2) og eiga að minna á að umbótastarfið þarf að ná til allra þessara stiga og samhengi þarf að vera í áherslum á milli þeirra. Hlutverk í umbótastarfi hljóta þó að verða mismunandi eftir því hver á í hlut, t.d. er hlutverk kennara annað en fræðslustjóra. Kennari lagar kennsluhætti sína að aðstæðum sem síðan er stutt við í skólanum og í sveitarfélaginu.

Á öllum stigum er síðan unnið með *hæfnina* sem sýnd eru á lárétta ásnum, fimm atriði sem eru samofin og miða að því að efla fagmennsku kennara og stjórnenda. En í árangursríku umbótastarfi er:

- unnið að samvirkni og samræmi í áherslum og markmiðum, bæði á milli stiga og til lengri tíma,
- gögnum safnað, þau skoðuð og nýtt til skilnings á bestu leiðum og til að meta stöðu og framgang verkefnisins, nauðsynleg starfsþróun í samræmi við markmið og niðurstöður gagnasöfnunar verði tryggð,
- komið á virku samstarfi innan skóla, á milli þeirra og við aðila í skyldum verkefnum og skilgreind sameiginleg ábyrgð með eflingu lærdómssamfélags að leiðarljósi,
- tryggður sveigjanleiki til að bregðast við breyttum aðstæðum, nýrri þekkingu eða ófullnægjandi árangri.

Þættirnir sem vinna á með eru síðan tilgreindir í efsta rammanum, mikilvægt er að sjá til þess að þeim sé öllum vel sinnt ef árangur á að nást. Þótt hér séu þeir settir fram sem einföld upptalning krefst vinna við hvern og einn þeirra mikillar yfirlegu og ígrundunar. *Viðmið um gæði* (standards) eru nátengd markmiðum og segja til um stöðuna þegar umbótastarf hefur tekist sem best. Vinna þarf *námskrá* um umbótastarfið á öllum stigum og notaðir *kennsluhættir* sem eru líklegir til að stuðla að besta árangri og koma til móts við þarfir allra nemenda. Við *mat* á árangri ætti að nýta fjölbreytt gögn á öllum stigum og forgangsraða *björgum* (t.d. fjármagni og starfskrafti) í samræmi við markmiðin. *Stefnumótun* með breiðri þátttöku þeirra sem í hlut eiga og vel skilgreind *forysta* á öllum stigum er grunnur að árangursríku umbótastarfi. *Fjölskyldur og samfélag* eru mikilvægir stuðningsaðilar í umbótastarfi og þurfa því að vera vel upplýst um áherslur og áætlanir.

	Að tryggja samhengi í áherslum	Að safna gögnum, nýta þau og túlka	Að tryggja nauðsynlega starfsþróun	Að skapa tengsl/samstarf	Að bregðast við breyttum aðstæðum
Bekkjareining /deild					
Skóli					
Sveitarfélag /skólaskrifstofa					
Landshluti / samtök sveitarfélaga					
Landið					

Mynd 2: Líkan um umbótastarf (byggt m.a. á Cowan, Joyner og Beckwith,2012).

Líkan um heiltæka nálgun að umbótum er hér kynnt sem mögulegt stuðningstæki fyrir skóla og sveitarfélög. Í því er dregin upp einföld mynd af því flókna fyrirbæri sem þróun menntakerfa er. Það má nýta sem ramma um umbótastarf á hvaða sviði skólastarfs sem er, að hluta til eða að öllu leyti. Sveigjanleiki er nauðsynlegur í þessu sem öðru, þannig að tækið sjálft verði ekki of stýrandi fram yfir inntakið. En því er ætlað að auðvelda yfirsýn og stuðla að aðgerðum á öllum stigum kerfisins. Áhersla er á tiltekið vinnulag fremur en á aðferðir.³⁰

³⁰ Höfundur kafla: Anna Kristín Sigurðardóttir.

Viðauki 2: Tímasetning aðgerðaáætlunar



Gæði skólastarfs í alþjóðlegum samanburði

1. Aukið samstarf í menntamálum
2. Læsi og lesskilningur
3. Kennsla í fremstu röð
4. Nemendamiðaður skóli

2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020

Samvinna skólastiga frá leikskóla að háskóla

1. Samfellt skólastarf í þágu nemenda
2. Brotthvarf nemenda úr framhaldsskólum.
3. Flutningur framhaldsskóla til sveitarfélaga

Höfuðborgarsvæðið sem háskólaborg

1. Fjölbreyttir valkostir í húsnæðismálum
2. Skilvirkar samgöngur
3. Atvinnusköpun
4. Skapandi borgarbragur
5. Lýðræði
6. Samkeppnishæfni Íslands og alþjóðleg markaðssetning
7. Þjónusta við fjölskyldufólk

Símenntun á vinnumarkaði

1. Símenntunartorg – gagnagrunnur um framhaldsfræðslu
2. Samstarf í stað samkeppni
3. Aukin skilvirkni og bætt nýting fjármuna
4. Aukin þátttaka í símenntun með beitingu hvata
5. Greining á stöðu fólks með grunnskólamenntun

Menntun í menningargreinum

1. Þróunarverkefni, símenntun og gæði kennslu
2. Rannsóknir og úttektir
3. Aukið samstarf
4. Sýnilegri list nemenda

	Undirbúningsár
	Upphafsár / verkefni hleypt af stokkunum
	Framvinduár/mat



Almar Halldórsson og Kristján K. Stefánsson (2013). *Árangur og einkenni grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu í alþjóðlegu samhengi*. Skýrsla unnin fyrir Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Reykjavík: Vísar rannsóknir ehf.

Anna Kristín Sigurðardóttir (2013). *Skóli sem lærdómssamfélag*. Rúnar Sigþórsson, Rósa Eggertsdóttir og Guðmundur Heiðar Frímannsson (ritstjórar). *Skólastarf í ljósi fagmennsku*. bls. 35-54. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Cowan, D., Joyner, S. og Beckwith, S. (2012). *Getting serious about the system*. California: Corwin.

Eurostat (2007). *Cultural Statistics*.

Fullan, M. (2007). *The New Meaning of Educational Change*, 4. útg. New York: Teachers College Press.

Bamford, Anne (2011). *List og menningarfræðsla á Íslandi*. Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Gerður G. Óskarsdóttir (2012). *Skil skólastiga*, Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Guðrún Þórunn Jónsdóttir og Jóhanna T. Einarsdóttir (2013). *Viðbrögð leikskólakennara við HLJÓM-2 í leikskólum Árnessýslu og samvinna við foreldra og grunnskóla*. Uppeldi og menntun, 22(1):31-52.

Hagstofa Íslands (2014). *Nemendur í listnámi á framhaldsskólastigi haustið 2012*. Gögn tekin saman að beiðni Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu í janúar 2014.

Hargreaves, A. og Shirey, D. (2013). *The global fourth way. The quest for educational excellence*. Thousand Oaks USA: Corwin.

Hargreaves, A. og Fullan, M. (2012). *Professional capital: Transforming teaching in every school*. New York og Toronto: Teacher College press.

Hargreaves, D.H. (2010). *Creating a self-improving school system*. Nottingham UK: National College for School Leadership.

Hattie, J. (2009). *Visible Learning*, London: Routledge.

Labaree, D.F. (2010). *Someone has to fail. The zero-sum game of public schooling*. Cambridge USA og London UK: Harvard University Press.

Levin, B. (2012). *System wide improvement*. Brussel: The International Academy of Education.

McKinsey & Company (2007). *How the World's Best-Performing School Systems Come Out on Top*.

OECD (2013). *Education at a Glance 2013: OECD Indicators*, OECD Publishing.

Rannsóknir og greining, Háskólinn í Reykjavík (2013). *Árangur, líðan og væntingar nemenda í innlendum og erlendum samanburði*.

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. (2013). *Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2013. Verkefnatillaga*.

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (2014a). *Gæði skólastarfs í alþjóðlegum samanburði*.

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (2014b). *Samvinna skólastiga frá leikskóla að háskóla*.

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (2014c). *Höfuðborgarsvæðið sem háskólaborg*.

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (2014d). *Símenntun á vinnumarkaði*.

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (2014e). *Menntun í menningargreinum*.

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (2014f). *Höfuðborgarsvæðið 2040*.

Stoll, L. Harris, A. og Handscomb, G. (2012). *Great professional development which leads to great pedagogy: nine claims from research*. Nottingham UK: National College for School Leadership.

Stoll, L. og Louis, K.S. (ritstjórar) (2007). *Professional learning communities. Divergence, depth and dilemmas*. London: Open University Press.

Tyack, D. og Cuban, L. (1995). *Tinkering toward Utopia: A century of public school reform*. Cambridge, MA: Harvard University Press.